

FUNDARGERÐ

354. fundar stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík haldinn 13. janúar 2015 kl. 14.30 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4 í Reykjavík.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Bryndís H. Torfadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Hrafnkell Ársælsson, Níels Árni Lund, Ragnhildur Guðmundsdóttirog Sighvatur Björgvinsson. Forföll boðaði Birna Bjarnadóttir Einnig sat fundinn Gísli Jafetsson, sem ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð 353. fundar, sem haldinn var 9. desember s.l. var samþykkt. Fyrirspurn kom um fyrirhugað framhald dansleikja. Nokkur fækkun hefur verið á dansleikjum síðla árs 2014 og samkeppni nokkur en áhugi virðist vera til staðar. Málið í yfirferð og skoðun í samvinnu við fulltrúa dansnefndar og aðra félagsmenn.
2. Dreift var yfirliti yfir fjölda félagsmanna sem aldrei hafa verið fleiri í sögu félagsins og stöðug fjölgun er frá því seint í haust. Skráðir félagsmenn er nú 9.191 og þar af hafa greitt félagsgjald 8.940 eða 97,27%. Innheimta félagsgjalda hefur heldur aldrei verið jafngóð. Ýmsir samverkandi þættir skýra þessa fjölgun en fyrst og fremst öflugt félagsstarf með nýjungum og bætt upplýsingagjöf til félagsmanna. Þetta allt kemur síðan fram í almennri ánægju og virkri þátttöku.
Rætt var um uppgjör á virðisaukaskatti og lokaúttekt á Fagrabergi. Úttektlokið og uppgjör vegna árána 2013 og 2014 í gangi. Stjórninni hefur ekki verið haldið nægjanlega upplýstri um fjárhagslega stöðu og uppgjör vegna byggingaframkvæmdanna. Hér kemur einnig inn í erfiðleikar og greiðslustöðvun verktaka sem nú fyrst er að ljúka og þar með hægt að ganga frá eftirstöðvum og lokauppgjöri vegna Fagrabers.
Uppgjör FEB vegna síðasta árs er í hefðbundnu ferli. Staða félagsins sjálfs er erfið þessa mánuði sem er ekki nýtt í sögu félagsins. Með innheimtu félagsgjalda í mars greiðist úr en fram að því verður reksturinn þungur. Hátt hlutfall innkomu fer í afborganir af láni frá árinu 2005 vegna kaupa á húsnæðinu í Stangarhyl. Viðræður við Arion sem er viðskiptabanki félagsins hafa ekki skilað árangri en er haldið áfram.
3. Aðalfundur 2015 undirbúningur, dagsetning
Tillaga formanns um dags. 20. febrúar sem fundardag var samþykkt.
Uppstillinganefnd er að störfum eins og mælt er fyrir í 10. gr laga félagsins.
Einnig rætt um annan undirbúning fyrir aðalfundinn eins og kveðið er á um í lögum félagsins.
4. Ný verkefni nýir fræðslufundir
Fyrirhugað eru nokkrir fundir og nýjungar eins og samstarf við Samgöngustofu um akstur á efri árum, samstarf við Landsbjörg ofl. um hætturog forvarnir gegn slysum í heimahúsum. Kynning Vildarhúsa á að skipta um húsnæði á efri árum. Einnig er í mótun fundur um réttindamál eldri borgara.
Fram kom uppástunga frá Sighvati B. um hugsanlegt samstarf við lögfræðistofu „aðstoð við eldri borgara gegn sanngjörnum greiðslum“. Gísli J. falið að leita eftirog að útfæra frekar.
5. Ný bygginganefnd tillaga
Tillaga um nokkra aðila í nýja bygginganefnd í stað þeirrar sem sagði af sér árið 2013. Fleiri nöfn komu fram og verður kannað með vilja viðkomandi. Síðan verði nefndin skipuð og henni settar starfsreglur og verksvið skilgreint.
6. Nýir samstarfssamningar
Samstarf við Olís / OB gengur mjög vel enda einhver besti samningu af þessum toga sem er hægt að fá. Kynning, skráning og aðstoð við félagsmenn var haldin fyrir í dag.

Spjaldtölvunámskeið eru vel sótt og nýjum bætt við – samstarf við leiðbeinandann Björn Magnússon um útfærslur fleiri námskeiða. Fundur til undirbúnings frekara samstarfi við Húsasmiðjuna er á dagskrá. Fleiri þjónustuaðilar hafa leitað eftir samstarfi við félagið og er slíkt í skoðun og verður tilkynnt síðar ef af verður s.s. vegna golfs og fleiri staða tengd hreyfingu.

7. Lóðin í Mjódd næstu skref

Staðfest úthlutun til FEB í fundargerð borgarstjórnar. Næst er að leggja málið fyrir fund sbr. 8. gr. laga félagsins.

8. Afsláttarbókin

Áður hefur stjórnin lýst vilja sínum til að gefa bókina út áfram. Samkomulag var gert árið 2013 milli FEB og LEB um að FEB annist alla söfnun og útgáfu bókarinnar. Þar sem m.a. prentkostnaður hefur hækkað var samþykkt heimild til að ná fram breytingu á umræddum samningi. Nokkrir þjónustuaðilar nefndir sem æskilegt væri að fengjust í bókina m.a. efnalaug, bakarí, matstaðir og lögfræðiþjónusta sjá lið 4.

9. Samstarf við vefritið Lifðu núna.

Lögð fram greinargerð og formleg hugmynd, sem áður hefur komið inn á fund stjórnar, sem gengur út á að FEB kaupi 30% í vefritinu Lifðu núna. Kaupin færu fram í gegnum hlutafjárútkningu í einkahlutafélaginu Lifðu núna sem er í eigu Ernu Indriðadóttur og Margrétar Einarsdóttur. Hafnað vegna stöðu fjármála en stjórn þakkar boðið.

10. Heimasíða, Facebook og útsending tölvupósts

Dagleg uppfærsla á síðum gengur vel og er öll upplýsingagjöf til félagsmanna með allt öðrum og skilvirkari hætti en var. Gísli J. voru færðar þakkar fyrir.

11. Önnur mál

A. Ályktun um Fjölskyldustefnu

Brynjólfur skýrði frá störfum nefndar sem hann situr í fyrir hönd félagsins til undirbúnings fjölskyldustefnu. Lítið virðist komið inn á „hlutverk“ eldri fjölskyldumeðlima í þeim drögum sem unnið er eftir og hefur Brynjólfur vakið máls á því í vinnu hópsins.

B. Ragnhildur sagði frá fundi Hollvina RÚV sem hún sat og þátt/þætti fyrir eldri borgara.

Gísli upplýsti í þessu sambandi að hann hefði boðið núverandi útvarpsstjóra að koma á kynningu/fræðslufund um hlutverk og stöðu RÚV en hann ekki svarað.

Neðangreind ályktun stjórnar FEB varðandi orð forsætisráherra í áramótaávarpi hans var samþykkt:

Ályktun frá stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Í áramótaávarpi forsætisráðherra kom fram fullyrðing um að nú sé búið að lagfæra þann niðurskurð sem eldri borgarar urðu fyrir 2009. „Skerðingar á örorku- og lífeyrisbótum sem ráðist var í fyrir fimm árum hafa að fullu verið afnumdar og framlög til félagsmála aukin verulega. Þau hafa raunar aldrei í sögu landsins verið meiri en þau verða á nýja árinu“ Orðrétt.

Við í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni erum ekki sammála orðum forsætisráherra og viljum benda á eftirfarandi:

Ríkisstjórnin hefur að eigin frumkvæði leiðrétt 2 atriði kjaraskerðingar frá 2009: 1. Hún hefur aukið frítekjumark vegna atvinnutekna aldraðra úr 40 þús. kr. í 110 þús. kr. á mánuði. 2. Hún hefur breytt útreikningi grunnlífeyris aldraðra þannig, að hætt er að telja greiðslur úr lífeyrissjóði með tekjum við þann útreikning. Lög um 3. atriði kjaraskerðingar frá 2009, þ.e. hækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar úr 38,35% í 45% voru tímabundin og eru þau fallin úr gildi. Skerðingarhlutfallið hefur því sjálfvirkt lækkað úr 45 í 38,35% á ný.

Það er eftir að leiðrétta aldurstengdan örorkulífeyri, lækkun frítekjumarks fjármagnstekna og það sem skiptir mestu fyrir lífeyrisþega: Það er eftir að leiðrétta lífeyri aldraðra og öryrkja vegna kjaragliðnunar krepputímans (2009-2013) en á þeim tíma hækkuðu lægstu laun miklu meira en lífeyrir aldraðra og öryrkja. Til þess að jafna metin og leiðrétta þá gliðnun þarf að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja um rúmlega 20% strax.

Ríkisstjórnin lofar því í stjórnarsáttmálanum að hækka frítekjumark vegna fjármagnstekna til fyrra horfs. Það hefur ekki verið gert.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið um kl. 17.25.